

Mál nr. 198/2007

**M
og
Líftryggingafélagið X v/ sjúkdómatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu eftir hjartaáfall.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 10.10.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.10.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 6.7.2006 fékk M hjartaáfall, er hann ók bifreið sinni. Hann var fluttur á Landspítala þar sem fram kom að hann var með lítinn “pneumothorax vi. megin”, en tölvusneiðmynd sýndi enga aðra áverka. Að svo búnu var M tekinn í kransæðaaðgerð og kom þá í ljós lokun á hægri kransæð á óþekktum aldri, en sennilega ekki ný.

M hafði keypt sjúkdómatryggingu hjá líftryggingafélaginu X. Í tengslum við kröfu M um bætur úr váttryggingunni óskaði X eftir skriflegum upplýsingum frá hjartasérfræðingi þeim sem einkum hafði annast M, m.a. varðandi niðurstöður þeirra rannsókna sem framkvæmdar voru. Í svari sérfræðingsins segir svo, orðrétt:

“Sjúklingur haft vinstra greinrof, gengið í sinus takti en það hefur farið batnandi hversu breitt það hefur verið. Hjartaenzyme hafa verið neikvæð. Kransæðaþræðing sýnir lokun á hægri kransæð, arteriosclerosu en engar alvarlegar stenosis. (ekki meira en 50% stenosis. Vinstri slegill var mjög lélegur í byrjun upp á circa 25% og víkkaður upp í 62 mm en við útskrift héðan af deildinni hafði vi. slegill batnað verulega og var kominn í circa 40% í EF.

Sjúklingur sem hefur ekki þekktan kransæðasjúkdóm hefur verið meðhöndlaður við háþrýstingi, fær skyndilega hjartastopp við keyrslu bifreiðar og slasast með pneumothorax, fær hjartastopp og endurlífgun gengur vel. Sjúklingur á í vissum erfiðleikum með minnið til þess að byrja með en það lagast mjög fljótt. Sjúklingur starfar við erfiðisvinnu og er því erfitt að hann fari aftur til vinnu of fljótt, hann þjálfar sig talsvert og finnst það pösítt. Ég tel að það muni taka nokkra mánuði að hann geti aftur snúið til vinnu vegna þessa stóra áfalls.”

X hafnaði bótaskyldu þar sem það taldi sjúkdóminn ekki uppfylla skilmerki þess að um bótaskyldan sjúkdóm hafi verið að ræða. M hefur ekki viljað una þeirra niðurstöðu X.

Álit.

Samkvæmt 7. gr. þeirra skilmála, sem gilda um sjúkdómatryggingu þá sem M hefur hjá X, telst váttryggingaratburður einungis verða, ef váttryggður greinist með m.a. sjúkdóm eða gengst undir aðgerð sem talin eru upp í skilmálunum og eru nánar skilgreind þar. Er þar fyrst talið upp hjartaáfall eða kransæðastífla. Er þá átt við drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis og verður greiningin að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar: a) dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir), b) nýjar breytingar á hjartalínuriti og c) hækkun á hjartaensímum. Í öðru lagi er hjartaskurðaðgerð tilgreind í skilmálunum, en þá er átt við að váttryggður gangist undir hjartaskurðaðgerð til að laga lokugalla eða aðra byggingargalla. Í þriðja lagi er svo tilgreindur kransæðauppskurður. Skal þá vera um hjartaskurðaðgerð að ræða vegna þrengsla eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð í einstaklingum með slæma hjartakveisu, en tekur ekki til aðgerða eins og blástursaðgerða eða leysigeislameðferða.

Svo bætur fáiast greiddar úr sjúklingatryggingu þarf að liggja fyrir með skýrum hætti að vátryggður hafi greinst með bótaskyldan sjúkdóm eða gengist undir bótaskylda aðgerð jafnframt að öll skilmerki séu fyrir hendi þannig að sjúkdómur eða aðgerð falli undir viðkomandi skilgreiningu í skilmálunum. Af gögnum máls þessa verður ekki séð að sjúkdómur sá er M fékk í umrætt sinn teljist vera hjartaáfall eða kransæðastífla eins og sá sjúkdómur er skilgreindur í skilmálunum. Ekki verður heldur séð að aðgerð sú sem hann gekkst undir hafi verið hjartaskurðaðgerð eða kransæðauppskurður samkvæmt þeim skilgreiningum sem getur í skilmálunum. Að þessu athuguðu telst M ekki eiga rétt til bóta úr sjúklingatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.